

Innleiðing nýs persónuverndarregluverks

Verkefni næstu missera

Rósa Dögg Flosadóttir
UT- dagurinn, 1. desember 2016



Yfirlit

- Hlutverk innanríkisráðuneytis við innleiðingu nýs regluverks
- Persónuverndarpakkinn
- Viðfangsefnin – innleiðing
- Skipulag innleiðingarverkefnis
- Álitaefni
- Samráð og næstu skref




Hlutverk innanríkisráðuneytis við innleiðingu nýs regluverks

- Innanríkisráðuneytið ber ábyrgð á innleiðingu nýs regluverks á sviði persónuverndar.
- Í því felst að sjá til þess að nýtt regluverk á sviði persónuverndar endurspeglar nægilega vel og með fullnægjandi hætti í íslenskri löggjöf.
- Ráðuneytið þarf að koma nýjum reglum í löggjafarþingunum í tæka tíð
 - frumvarp til endurskoðaðra persónuverndarlaga
 - reglugerð um meðferð persónuupplýsinga á sviði löggæslu.
- Nýtt regluverk ESB kemur til framkvæmda í maí 2018.
 - Allir þurfa að vera tilbúnir þá.



Nýtt persónuverndarregluverk



Tegund nýrra reglna – skiptir hún máli ?

- Skiptir máli hvort um reglugerð eða tilskipun er að ræða ?
- Já – áhrif á innleiðingu í landsrétt = verkefnin framundan.
 - Reglugerð: tekin upp í heild í landsrétt.
 - Tilskipun: meira svigrúm um form og aðferð við upptöku í landsrétt.
- Almennar reglur ESB frá 1995 voru settar fram í tilskipun.
 - Áhrif á samræmi í reglum og framkvæmd í ríkjum ESB.
- Við endurskoðun tilskipunarinnar frá 1995 var því valin sú leið að setja almennu reglurnar fram í reglugerð.
- Flækja: hin nýja reglugerð hefur samt einkenni tilskipunar þar sem svigrúm til útfærslu í 55 af 99 ákvæðum.
- Norrænt samráð til að samræma reglur þar sem er slíkt svigrúm



Viðfangsefnin - innleiðing

- Tvær gerðir sem leiðir af ólíkum skuldbindingum (EES og Schengen) – ekki sama ferli.
- Sammerkt að þær mun þurfa að innleiða í íslenskan rétt – skuldbundin af því að framfylgja þeim.
- Hvor gerð fer í hefðbundið innleiðingarferli.
- Umfangsmikið verkefni framundan.
- Mjög víðtækt gildissvið reglnanna – nýjar reglur og skyldur.
- Víðtæk áhrif á fyrirtæki og opinbera aðila.
- Miklu skiptir að innleiðing takist vel og takist í tíma.
- Lykillinn að því er m.a., undirbúningur, gott samráð og samstarf.



Verkefnið verður ekki unnið af einum júrasta á kontor



Innanríkisráðuneytið

Verkefnisstjóri

Samráðs-
hópur

Vinnuhópur 1
EES-ferli

Vinnuhópur 2
Rlg.679/2016

Vinnuhópur 3
Til sk.680/2016

Erlent samstarf

EFTA/ESB

Norðurlönd

Persónuvernd

UTN

STJR

S.Í.S.

Hagsmunaaðilar

Háskólar

RLS

Alþingi



Ýmis álitæfni

- Felst of mikið framsal valds í nýjum reglum þannig að stangist á við Stjórnarskrá Íslands ?
 - Verið að skoða í greiningu fyrir EES-ferlið.
- Hvernig ætlar Ísland að útfæra reglur þar sem svigrúm gefst til ?
 - Norrænt samráð m.a.
- Hvernig á að þjálfa/mennta nýja persónuverndarfulltrúa ?
- Hvaða kostnaður leiðir af nýju regluverki ?
- Hver verða heildaráhrif nýrra reglna ?
- O.fl.
- Margt sem á eftir að skoða og útfæra á næstu mánuðum.



Samráð og næstu skref

- Víðtækt samráð er nauðsynlegt.
- Verið að leggja línur að fyrirhuguðu samráði – næstu mánuðir.
 - Samráð við Alþingi.
 - Samráð við Norðurlöndin.
 - Samráð við önnur ráðuneyti.
 - Samráð við sveitarfélögin.
 - Samráð við háskólana.
 - Samráð við hagsmunaaðila.
- Innanríkisráðuneytið hefur þá stefnu að setja drög að frumvörpum og reglugerðum á vefinn til umsagnar .
- Einnig mikilvægt að fá athugasemdir og ábendingar á meðan á ferlinu stendur.



- Brýnt að allir byrji að huga að undirbúningi fyrir sína starfsemi.
- Kynna sér nýjar reglur.
 - www.personuvernd.is
 - www.innanrikisraduneyti.is
- Taka þátt í samráði.
- Væntingar um gott samstarf næstu misseri.

